



Alþingi
Erindi nr. Þ 138/1860
komudagur 4.5.2010

Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri 4. maí 2010.

Efni: umsögn um 485. mál, þskj. 836, 138. lþ., frumvarp til laga um breytingar á hjúskaparlögum og fleiri lögum um brottfall laga um staðfesta samvist (ein hjúskaparlög)

Með tölvubréfi 21. apríl 2010 óskaði allsherjarnefnd Alþingis eftir umsögn Jafnréttisstofu um frv. til laga um breyt.á hjúskaparlögum ofl. (ein hjúskaparlög), 485. mál, þskj. 836, 138. lþ.

Kjarninn í frumvarpinu er sá að afnema þá aðgreiningu sem er í lögum, þar sem talað er um hjúskap karls og konu annars vegar og staðfesta samvist einstaklinga af sama kyni hins vegar. Lögin eigi, eftir breytingu, að gilda um hjúskap tveggja einstaklinga. Jafnréttisstofa telur þessa breytingu sem lögð er til, vera sjálfsagða og eðlilega og í fullu samræmi við jafnréttislög og markmið þeirra laga. Einnig er breytingin í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist og gerð er grein fyrir í kafla 3.2. í greinargerðinni sem fylgir frumvarpinu. Þetta frumvarp snýst um mannréttindi og virðingu fyrir þeim og það að koma í veg fyrir að fólki sé mismunað og aðgreint frá öðrum vegna kynhneigðar.

Jafnréttisstofa tekur undir öll þau rök sem færð eru fyrir lagabreytingunum í frumvarpinu og lýsir yfir stuðningu við frumvarpið og vonar að það verði að lögum.

Virðingarfyllst
f.h. Jafnréttisstofu

Ingibjörg Elíasdóttir lögfræðingur